

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 372 30. nóvember 1973, um holræsi fyrir Ísafjarðarkaupstað.

## 1. gr.

Grein 1.18 hljóði svo:

Holræsagjald skal greiða árlega til bæjarsjóðs Ísafjarðar af öllum eignum, sem metnar eru til fasteignamats og skal vera 0,32% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds.

Gjald samkvæmt þessari grein skal breytast í samræmi við breytingar er verða á vísitölu byggingarkostnaðar frá því sem hún er 1. nóvember 1974 (1455 stig).

Heimilt er bæjarstjórn, fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1975.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Guðmundur Karl Jónsson.*

Nr. 336.

14. júlí 1975.

**GJALDSKRÁ**

um holræsagjöld á Stokkseyri.

## 1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta á Stokkseyri á lóð sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til Stokkseyrarhrepps.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,3% af fasteignamati húsa og lóða samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægra en svarar kr. 8.00 á hvern rúmmetra á íbúðarhúsnæði og kr. 5.50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 10.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1500.00. Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjöld af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingarvísitölu 1290 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er í árslok hverju sinni.

## 2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, og af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.